

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Smári Karlsson
Dags. 10. júní 2022
Mnr. 2019120040



ÍSAFJARÐARBÆR

Viðauki við afnotasamning

Elías Guðmundsson, f.h. Fisherman ehf., óskar eftir því að fá að framselja réttindi samkvæmt afnotasamningi Fisherman og Ísfjarðarbæjar.

Afnotasamningurinn snýr að uppbyggingu við Brjótinn á Suðureyr.

Viðaukinn við afnotasamning Ísafjarðarbæjar og Fisherman ehf. snýr að því að Fisherman verði heimilt að framselja réttindi og skyldur sínar samkvæmt samningi til dótturfélags síns, Hafnarstaða ehf.

Þær lögfræðilegur spurningar sem vöknudu við fyrstu drög viðaukans voru þau að Hafnarstaðir voru ekki til í fyrirtækjaskrá á þeim tímapunkti, en nú er félagið skráð í fyrirtækjaskrá.

Í annan stað var óljóst hvaða áhrif það hefði á framkvæmdaleyfið sem Ísafjarðarbær gaf út í haust til Fisherman ef lóðarhafi er orðinn annar aðili. Eftir ábendingar Andra Andrasonar lögfræðings var bætt inn í viðaukann ákvæðum um að Hafnarstaðir taki yfir allar skyldur sem settar voru á herðar Fisherman samkvæmt framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar.